

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 15. fundur skólanefndar
16. nóvember 2004

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Gísli Ólafsson, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

Sveinn Elinbergsson, Eyþór Benediktsson og Björg Ágústsdóttir boðuðu forföll.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30

2. Útboð v/mötuneytis

Skólameistari ræðir um auglýsingu og fer yfir helstu þætti þess útboðs.

- Skv. útboði er gert ráð fyrir að mötuneyti verði opið allan daginn ca. 8:30 – 14:30.
- Lögð er áhersla á að það verði heitur matur á hverjum degi og miklar kröfur gerðar til matarins hvað varðar gæði og innihald.
- Alltaf verði á boðstólnum brauðmeti, ávextir, safar o.þ.h. og salatbar verði a.m.k. 2x í viku.
- Rekstraraðili fær fullbúið eldhús með tækjum og leirtaui.
- Rekstraraðili greiðir rafmagn.
- Tilboð hljóði upp á verð á mat og matvörum
- Eini kostnaður skólans er niðurgreiðsla á fæði starfsmanna skólans.

Rætt er um tryggingu fyrir fjölda, engin slík trygging verður sett heldur er það rekstraraðilans að markaðssetja sig og ná fólki til að versla hjá sér.

3. Vígsla hússins föstudaginn 7. janúar 2005

Rætt var um:

- Staðfestingu við ráðherra
- Uppkast að dagskrá
- Drög að boðslista

Umræður um boðslista og tilhögun vígslunnar. Lagt til að dagskrá vígslunnar byrji ca. 15:30 og miðað verði við 1 klst.

4. Önnur mál

- a) Niðurstaða lotuprófa – lotupróf komu yfir höfuð nokkuð vel út
- b) Starf nemendafélagsins, umræða um klúbbastarfsemi
- c) Útkoma úr viðhorfskönnun meðal nemenda. Kynnt niðurstaða viðhorfskönnunar sem gerð var meðal nemenda skólans.
- d) Íþróttasalur, vinna við hann hefst eftir áramót

Fundi slitið kl. 18:00.